

## Bæjarráð - FW: Aðildargjald rammasamninga 2017 verður í samræmi við innkaup sveitarfélaga 2016

**Til** : Þórdís Sif Sigurðardóttir  
**Frá** : Gísli Halldór Halldórsson  
**Heiti** : Bæjarráð - FW: Aðildargjald rammasamninga 2017 verður í samræmi við innkaup sveitarfélaga 2016  
**Málsnúmer** : 2017090026  
**Málsaðili** : Ríkiskaup  
**Skráð dags** : 08.12.2017 11:29:26  
**Höfundur** : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi [image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

**From:** Telma Halldórsdóttir [mailto:telma.halldorsdottir@samband.is]

**Sent:** 7. desember 2017 15:29

**Subject:** FW: Aðildargjald rammasamninga 2017 verður í samræmi við innkaup sveitarfélaga 2016

Heil og sæl.

Hluti tengiliðahóps um opinber innkaup átti fund með Ríkiskaupum 17. nóvember þar sem lýst var óánægju með nýja gjaldskrá Ríkiskaupa og framkvæmd rammasamninga auk skorts á samráði við sveitarfélög almennt. Fundurinn gekk mjög vel og var ljóst að Ríkiskaup vildi mæta áhyggjum sveitarfélaga. Þeir funduðu í kjölfarið með Fjármálaráðuneytinu og var niðurstaðan sú að fallast á kröfu sveitarfélaga um að gjaldtaka myndi miðast við notkun og verða reikningar lækkaðir þessu til samræmis og endurgreitt þar sem það á við. Jafngildir lækkunin um 14 milljónum fyrir sveitarfélögin. Vísast til posts hér að neðan frá Halldóri Ó. Sigurðssyni hér að neðan þessu til staðfestingu.

Er tengiliðahópurinn ánægður með niðurstöðuna enda hlustað á áhyggjur sveitarfélaga og fundinn farvegur fyrir öll mál. Verður nánara samstarf á milli Ríkiskaupa og sveitarfélaga, til að stofnunin sinni betur þörfum sveitarfélaga, rætt í byrjun næsta árs, sem vonandi þýðir bættu rammasamninga sem nýtast sveitarélögum.

Rétt er að taka fram að á fundinum var jafnframt rætt um auglýsingu og framlengingu rammsamninga og tók Ríkiskaup þær ábendingar til sín og ætlaði að bregðast við.

Bestu kveðjur.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,

Telma



**Telma Halldórsdóttir**

lögfræðingur

Beint innval: 515 4916

Netfang: [telma.halldorsdottir@samband.is](mailto:telma.halldorsdottir@samband.is)

**Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

[www.samband.is](http://www.samband.is)

upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

---

**From:** Halldór Ó. Sigurðsson [<mailto:halldor@rikiskaup.is>]  
**Sent:** þriðjudagur, 5. desember 2017 15:13  
**To:** Telma Halldórsdóttir <[telma.halldorsdottir@samband.is](mailto:telma.halldorsdottir@samband.is)>  
**Cc:** [raggi@hafnarfjordur.is](mailto:raggi@hafnarfjordur.is); [gunnlaugur@borgarbyggd.is](mailto:gunnlaugur@borgarbyggd.is); [jon.i.benediktsson@reykjanesbaer.is](mailto:jon.i.benediktsson@reykjanesbaer.is); [lilja.astu@kopavogur.is](mailto:lilja.astu@kopavogur.is); [olafur@esveit.is](mailto:olafur@esveit.is); Guðjón Bragason <[gudjon.bragason@samband.is](mailto:gudjon.bragason@samband.is)>; Hallgrímur H. Gröndal <[hallgrimur@rikiskaup.is](mailto:hallgrimur@rikiskaup.is)>; Ragnar Davíðsson <[ragnar.davidsson@rikiskaup.is](mailto:ragnar.davidsson@rikiskaup.is)>  
**Subject:** Aðildargjald rammasamninga 2017 verður í samræmi við innkaup sveitarfélaga 2016

Sæl Telma

Í kjölfar fundar okkar þann 17. nóvember sl. höfum við fundað með fjármála- og efnahagsráðuneyti og tekið ákvörðun í samráði við það um að breyta grundvelli aðildargjalds fyrir árið 2017 og 2018. Eins og kom fram í samtali okkar í morgun mun aðildargjald ársins 2017 taka mið af veltu (innkaupsverði) sveitarfélaga (A- og B-hluta) árið 2016 samkvæmt upplýsingum seljenda. Gjaldið verður 1,75% af veltu sveitarfélags, lágmarksgjald verður áfram 200 þkr. en hámarksgjald 3 mkr. án vsk. Virðisaukaskattur 24% leggst ofan á gjaldið eins og ætíð hefur verið. Eitt gjald er innheimt fyrir sérhvert sveitarfélag. Þau sveitarfélög sem eiga það eftir þurfa að skila til Ríkiskaupa lista yfir þær kennitölur undirstofnana í A- og B-hluta eiga að njóta kjara rammasamninga.

Í þessari viku munu Ríkiskaup kreditfæra þá reikninga fyrir þau aðildargjöld sem þarf að leiðrétta og senda viðkomandi sveitarfélögum nýjan reikning og eftir atvikum endurgreiðslu. Lækkun til sveitarfélaga nemur samtals 13,8 mkr.

Með þessum breytingum er komið til móts við sjónarmið sveitarfélaga sem hafa komið fram í samskiptum við Ríkiskaup á árinu, á tengiliðafundi sveitarfélaga og á fyrrnefndum fundi hjá Ríkiskaupum. Það er von okkar að með þessu sjái fleiri sveitarfélög sér mikin hag af áframhaldandi aðild að rammasamningum.

Bestu kveðjur

---

Halldór Ó. Sigurðsson, forstjóri/General Manager  
Ríkiskaup – Central Public Procurement  
Sími: 530-1401 / GSM: 693-1401  
Tel.: +354 530-1401 / Mobile: +354 693-1401  
Netfang / E-mail: [Halldor.O.Sigurdsson@rikiskaup.is](mailto:Halldor.O.Sigurdsson@rikiskaup.is)  
[www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

Ábyrgð þín varðandi tölvupóst / Your E-mail responsibilities: [Rikiskaup](http://Rikiskaup)

\*\*\*\*\*